

- a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu stéttarfélags bifreiðarstjóra, bifreiðastöðvar þeirrar, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem viðkomandi stéttarfélag bifreiðarstjóra á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í allt að 1 ár frá dauða hans, ef maki æskir þess, enda sé bifreiðarstjórinn félagi í stéttarfélagi bifreiðarstjóra. Heimilt skal að framlengja tíma þennan mæli sérstakar ástæður til þess, en þó ekki lengur en 1 ár hverju sinni.
- d. Stéttarfélag bifreiðarstjóra skal heimila leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega, enda lýsi leyfishafi því yfir, að hann sé að fara í orlof.

## 15. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. eða 14. gr., skal hann sækja um það skriflega til stéttarfélags bifreiðarstjóra. Umsókninni skal fylgja vottorð frá Bifreiðastöð Sauðárkróks um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framan-sögðu.

## 16. gr.

Óski forseti Íslands eða ráðherrar landsins að ráða leyfishafa sem einkabilstjóra á meðan þeir gegna embætti, skal stjórn stéttarfélags bifreiðarstjóra veita undanþágu frá 1. mgr. 7. gr.

Verði viðkomandi bifreiðarstjóri skipaður, heldur hann atvinnuleyfi í allt að 3 ár, en að þeim tíma liðnum fellur leyfið til úthlutunar að nýju.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 30. maí 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

28. febrúar 1978.

Nr. 208.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Nýlistasafnið, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. febrúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nýlistasafnið.

## 1. gr.

Sjálfseignarstofnun.

Stofnunin heitir Nýlistasafnið og er sjálfseignarstofnun. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

**Félag Nýlistasafnsins.**

Aðilar að Nýlistasafninu mynda með sér félag sem nefnist Félag Nýlistasafnsins. Félagið sér um rekstur safnsins og eignir þess.

## 3. gr.

**Markmið.**

Markmið safnsins eru:

- a. að bjarga frá glötun, skrásetja, varðveita og kynna listaverk eftir innlenda og erlenda listamenn.
- b. að afla svo fullkomins safns heimilda um sýningar innanlands og utan með eins fullkomnum upplýsingum í máli og myndum og kostur er.
- c. að afla bóka, blaða og tímarita, og hvers kyns heimilda um listir og listamenn.
- d. að vera miðstöð nýjustu strauma og tilrauna í íslenskri list.
- e. að stuðla að opinberri umræðu og kynningu á nýjum liststílum og vanmetnum tímavilum í listum.

## 4. gr.

**Rannsóknir og fræðimannastörf.**

Stjórn er heimilt að veita utanaðkomandi mönnum, þ. e. listfræðingum, listamönnum, listnemunum og áhugamönnum um litstir, aðgang að almennum heimildum safnsins.

## 5. gr.

**Starfsmannahald.**

Stjórn er heimilt að ráða að safninu forstöðumann í fullt starf eða hlutastarf, svo og annað starfsfólk.

## 6. gr.

**Styrktarmannakerfi.**

Stjórn er heimilt að koma á fót styrktarmannakerfi í þeirri mynd er samrýmist markmiðum safnsins.

## 7. gr.

**Húsnæðismál.**

Stjórn er heimilt að leigja eða kaupa húsnæði fyrir safnið.

## 8. gr.

**Listahátíð í Reykjavík.**

Stjórn er heimilt að sækja um aðild að Listahátíð í Reykjavík.

## 9. gr.

**Stofnendur.**

Stofnendur Nýlistasafnsins og Félags Nýlistasafnsins eru þeir íslenskir listamenn er staddir voru á stofnfundi og undirrituðu skipulagsskrá þessa. Enn fremur þeir listamenn sem boðaðir voru til stofnfundar, en voru fjarverandi, enda hafi þeir eða umboðsmenn þeirra samþykkt skipulagsskrá þessa með undirritun sinni.

## 10. gr.

**Félagsaðild.**

Nýir félagsmenn skulu senda formanni stjórnar umsókn um félagsaðild mánuði fyrir ársfund. Stjórnin stuðli að því að minnst tveir nýir aðilar gangi í félagið á

ári hverju. Einfaldur meirihluti atkvæða fundarmanna ræður úrslitum um inngöngu nýrra félagsmanna.

Stofnendur og þeir sem síðar gerast aðilar leggja fram tvö listaverk eftir sjálfa sig og/eða aðra listamenn við inngöngu í félagið og svo eitt listaverk eða frumheimild um listaverk á ári hverju.

Listaverk og heimildir sem þeim fylgja, svo og aðrar heimildir er félagsmaður hefir afhent eru óafturkræfar.

Félagar greiða árgjald sem ársfundur ákveður hverju sinni. Atkvæðisréttur allra félagsmanna er jafn. Félagsmaður sem eigi er í skilum með árgjald sitt í upphafi ársfundar missir atkvæðisrétt sinn þar til skil hafa verið gerð.

Stjórn er heimilt að tilnefna erlenda listamenn sem féлага og skal setja sérstakar reglur þar um.

#### 11. gr.

##### Úrsögn.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast stjórn.

Félagsmaður sem eigi greiðir árgjald sitt í tvö ár í ráð telst hafa sagt sig úr félaginu, enda hafi stjórnin sent félagsmanni viðvörðun með hæfilegum fyrirvara.

#### 12. gr.

##### Gjafir og gjafabréf.

Safnið fær allan þann rétt sem á hverjum tíma fylgir listaverki að íslenskum höfundarrétti. Á sama hátt fær safnið allan þann rétt sem fylgir erlendu listaverki að höfundarrétti og samkvæmt alþjóðasamningum á sviði höfundarréttar.

Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkum og heimildum á vegum safnsins, og á öðrum listsýningum sem samræmast markmiðum safnsins.

Safnið fær rétt til eftirgerðar listaverka og heimilda, svo sem rétt til að gera kort, ljósmyndir, litskyggnur, filmur, upptökur og afrit, til eigin notkunar. Til eftirgerðar til sölu á kortum, ljósmyndum, litskyggnum, filmum, upptökum og afritum þarf samþykki eiganda höfundarréttar, enda á hann þá rétt á þóknun.

Safnið fær allan rétt á heimildum til notkunar innan veggja safnsins innan þeirra marka sem höfundarréttur setur.

Óheimilt er að láta af hendi listaverk og heimildir safnsins.

Óheimilt er án samþykkis listfytjanda að taka upp til endurflutnings beinan listflutning hans.

Heimilt er stjórn að lána listamanni listaverk hans til sýningar, eftir því sem ástæður þykja til, þó eigi lengur en í eitt ár samfellt.

Gjöfum skal fylgja gjafabréf með skilgreiningu á rétti safnsins annarsvegar og eiganda höfundarréttar hinsvegar. Listaverkum og heimildum frá félagsmönnum skal einnig fylgja samskonar bréf.

#### 13. gr.

##### Fundarhöld og atkvæðagreiðslur.

Ársfund skal halda eigi síðar en 10. maí ár hvert. Til hans skal boðað á sannanlegan hátt með eigi skemmri fyrirvara en fjórtán dögum. Ársfundur er lögmatgur ef löglega er til hans boðað og 1/3 hluti félagsmanna sækir fund eða umboðsmenn þeirra. Verði ársfundur ólögmatur vegna ónógrar fundarsóknar skal stjórnin boða til framhaldsársfundar innan þrjátíu daga með fjórtán daga fyrirvara. Framhaldsársfundur er lögmatur án tillits til fundarsóknar.

Ársfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og safnsins.

Almenna fundi skal stjórn halda þegar henni þykir ástæða til. Skal boða til slíkra funda með minnst sjö daga fyrirvara. Krefjist 1/6 hl. félagsmanna almenns fundar og tilgreini fundarefni í skriflegum tilmælum til stjórnar, þá skal stjórnin

boða til slíks fundar innan fjórtán daga. Verði stjórnin eigi við tilmælum innan þess frests geta þeir er fundar óskuðu sjálfir boðað fund og skal þeim veittur aðgangur að félagaskrá.

Samþykktum á almennum fundum getur stjórn félagsins vísað til endanlegrar afgreiðslu á næsta ársfundi, ef hún telur þær skerða heildarhagsmuni félagsins eða safnsins eða víkja um of frá markaðri stefnu.

Meirihluti atkvæða á félagsfundum ræður úrslitum í öllum málum öðrum en breytingum á skipulagsskrá, en til þeirra þarf samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæðisbærra félagsmanna á ársfundi.

Heimilt er atkvæðisbærum félagsmanni að veita öðrum atkvæðisbærum félagsmanni skriflegt umboð sitt, og gildir það einungis á þeim fundi sem það er stílað á. Hver atkvæðisbær félagsmaður getur haft með höndum tvö gild umboð hið flesta. Nú hafa atkvæðisbærum félagsmanni borist fleiri umboð en hann má nota og dæmast þau þá ógild. Nú getur umboðsmaður eigi mætt á fund og eru þá umboð hans ógild í annarra höndum.

#### 14. gr.

##### Dagskrá ársfundar.

Á ársfundum skulu eftirtalin mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til úrskurðar.
3. Inntaka nýrra félagsmanna.
4. Kjör stjórnar og endurskoðenda.
5. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um ársgjald.
6. Breytingar á skipulagsskrá.
7. Önnur mál.

#### 15. gr.

##### Stjórn.

Stjórn félagsins, sem jafnframt fer með stjórn safnsins, skipa fimm menn kosnir á ársfundi.

Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Enginn má þó skipa formannssætið lengur en í þrjú ár samfellt. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára í senn, tveir ár hvert.

Í varastjórn skulu kjörnir þrjú menn til eins árs í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, kys sér varaformann, ritara og gjaldkera.

Ákvæði til bráðabirgða: Að lokinni kosningu fyrstu stjórnar á stofnfundi skal ákveða með hlutkesti hverjir tveir meðstjórnendur teljist kjörnir til tveggja ára og hverjir til eins árs.

Stjórnin fer með öll málefni félagsins og safnsins milli ársfunda, og ber ábyrgð gagnvart félagsmönnum. Stjórnin er jafnframt sýningarnefnd.

Stjórnin skal halda gjörðabók, en í hana skal rita stutta skýrslu um allt það sem gerist á stjórnarfundum, almennum félagsfundum og ársfundum, og allar fundar-samþykktir orðréttar.

Stjórn er heimilt að kveðja til liðs við sig einstaka félagsmenn, einn eða fleiri, til að leysa tiltekin verkefni.

Varamönnum í stjórn er heimilt að sitja stjórnarfundum. Heimlit er að kjósa í varastjórn félagsmann sem starfar erlendis.

#### 16. gr.

##### Endurskoðendur.

Á ársfundi skal kjósa tvo endurskoðendur. Reikningsár félagsins miðast við 1. apríl ár hvert.

Tveim vikum fyrir ársfund skal gjaldkeri hafa samið reikning fyrir liðið reikningsár og sent hann kjörnum endurskoðendum.

Endurskoðendur skulu kanna reikninga félagsins og skila athugasemdum sínum til stjórnar minnst viku fyrir ársfund.

Gjaldkeri skýrir reikninga á ársfundi.

### 17. gr.

#### Fjármál.

Fjármagna skal allan rekstur safnsins með virðulegum hætti. Óheimilt er að veita viðtöku hagsmunum ef fylgja skilyrði er fara í bága við markmið safnsins.

Stjórn er heimilt að sækja um styrki til viðurkenndra lista- og menningarstofnana, innlendra sem erlendra.

Stjórn er heimilt að innheimta aðgangseyri á sýningum.

Stjórn er heimilt að selja innan veggja safnsins eftirgerðir af listaverkum, bækur, tímarit og annað þess háttar, enda fari það eigi í bága við heimildir safnsins.

### 18. gr.

#### Breytingar á skipulagsskrá.

Tillögur til breytinga á skipulagsskrá þessari verða því aðeins bornar upp á ársfundi að þær hafi borist stjórn félagsins fyrir 1. apríl, og þær séu undirskrifaðar að  $\frac{1}{6}$  hluta atkvæðisbærra félagsmanna hið fæsta. Undirskrift samkvæmt umboði er gild.

Stjórn skal senda gildar tillögur til breytinga á skipulagsskrá með fundarboði til ársfundar. Hjóti slík breytingartillaga atkvæði  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæðisbærra félagsmanna á ársfundi er hún löglega samþykkt.

### 19. gr.

#### Félagsslit.

Verði starfsemi félagsins og safnsins lögð niður skulu allar eignir renna til aðila sem þá er til eða síðar kann að verða stofnað til og hefur sömu markmið og Nýlistasafnið.

Starfsemi félagsins og safnsins verður því aðeins lögð niður að tillaga þar að lútandi sé kynnt í fundarboði að ársfundi og samþykkt með atkvæðum  $\frac{4}{5}$  hluta atkvæðisbærra félagsmanna.

### 20. gr.

#### Staðfesting á skipulagsskrá.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

19. maí 1978.

Nr. 209.

## REGLUGERÐ

### um holræsagjöld í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Fellahreppi, á lóð eða leigir lóð í hreppnum, við götu veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Holræsagjald skal vera 0.15% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat nr. 28 29. apríl 1963.